

Fundargerð 115. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands

115. / 22. fundur Heilbrigðisnefndar Austurlands
Haldinn símleiðis 25.3.2014 kl. 9:10

Heilbrigðisnefndarmenn viðstaddir:

Valdimar O. Hermannsson, Árni Kristinsson, Andrés Skúlason, Benedikt Jóhannsson, Eiður Ragnarsson og Ólafur Hr. Sigurðsson. Sigurlaug Gissurardóttir var erlendis og báðir varamenn af suðursvæðinu forfallaðir.

Starfsmenn viðstaddir:

Helga Hreinsdóttir, Leifur Þorkelsson

Dagskrá:

1	Bókuð útgefin starfsleyfi.....	684
2	Bókuð útgefin tóbakssöluleyfi.....	686
3	Erindi og bréf.....	686
3.1	Frávísun starfsleyfis.....	686
4	Ársskýrsla 2013.....	686
5	Fjármál HAUST.....	686
5.1	Ársreikningar 2012 – bráðabirgðauppgjör 2013.....	686
5.2	Skuldaralisti.....	687
7	Önnur mál.....	687
7.1	Næstu fundir.....	687
7.2	Breyting á reglugerð um smáræðismörk.....	687
7.3	Stjórnsýslukærur.....	687
6	Starfsmannamál.....	687

Í upphafi fundar óskaði frkvstj. eftir að liður 7 verði afgreiddur á undan lið 7í boðaðri dagskrá og var það samþykkt.

1 Bókuð útgefin starfsleyfi

690 Vopnafjarðarhreppur

- a) **J&S ehf.**, kt. 670114-2010. Starfsleyfi fyrir **kaffihús í Kaupvangi, Hafnarbyggð 4**. Starfsleyfi útgefið 21.2.2014

700-701 Fljótisdalshérað

- b) **B.M. Vallá ehf.**, kt. 450510-0680. Breyting á starfsleyfi fyrir **steypustöð að Miðási 13**. Um er að ræða breytingu á kennitölu rekstaraðila. Leyfi breytt 20.1.2014.
- c) **Magnús Jóhannsson**, kt. 040952-7219 f.h. **Þorrablótsnefndar Eiða- og Hjaltastaðapínghár**, kt. 520413-1460. Tímabundið starfsleyfi fyrir **þorrablót haldið í hátíðarsal á Eiðum** þann 15.2.2014. Leyfið útgefið 27.1.2014.
- d) **Fiskeldisfélag Austurlands**, kt. 550391-2369. Starfsleyfi fyrir **litla matvælavinnslu að Hléskógum 12**. Starfsleyfi útgefið 4.2.2014.

- e) **Hugrún Sveinsdóttir**, kt. 200762-2239, f.h. Þorablótsnefndar Suðurdals. Tímabundið starfsleyfi fyrir **þorablót í félagsheimilinu Arnhólsstöðum** 1. mars 2014. Leyfi útgefið 10.2.2014.
- f) **Kvenfélag Skriðdæla**, kt. 471113-0180. Starfsleyfi/breyting fyrir **samkomuhús og sölu** á gistingu fyrir allt að 10 gesti á **Arnhólsstöðum**. Leyfið útgefið 6.3.2014.
- g) **G.V. hljóðkerfi** ehf. kt. 450799-2469. Tímabundið starfsleyfi vegna **sölu veitinga** á árshátíð Fjarðaáls í **íþróttahúsinu á Egilsstöðum** dagana 8. og 15. mars. Leyfi útgefið 7.2.2014.

701 Fljótsdalshreppur

- h) **Jóhann F. Þórhallsson**, kt. 150462-5769 f.h. Þorablótsnefndar útbæja í Fljótsdal tímabundið starfsleyfi fyrir **Þorablót í Végarði** þann 14.2.2014. Leyfið útgefið 27.1.2014.

720 Borgarfjörður

- i) **Jakob Sigurðsson** kt., 020859-4749. Endurnýjað starfsleyfi vegna **vatnsveitu og sölu á gistingu í Borg í Njarðvík**. Leyfi útgefið 5.2.2014.

730 Fjarðabyggð – Reyðarfjörður

- j) **B.M. Vallá ehf.**, kt. 450510-0680. Breyting á starfsleyfi fyrir **steypustöð að Hjallaleiru 23**. Um er að ræða breytingu á kennitölu rekstaraðila. Leyfi breytt 20.1.2014.
- k) **Lostæti-Austurlyst ehf.**, kt. 681209-1580. Tímabundið starfsleyfi vegna mótuneytis með **móttökueldhúsi fyrir allt að 200 manns** að Sjávangötu 1, 730 Reyðarfjörður. Leyfið gildir frá 24.1.-15.7.2014
- l) **B.M. Vallá ehf.**, kt. 450510-0680. Nýtt starfsleyfi fyrir verkstæði til viðgerða og viðhalds á vélum og farartækjum fyrirtækisins að **Hjallaleiru 15**, 730 Reyðarfirði. Leyfi útgefið 18.2.2014.

735 Fjarðabyggð – Eskifjörður

- m) **Suðurverk hf.**, kt. 520885-0216. Starfsleyfi fyrir tvö verkstæði og tvær geymsluskemmur ásamt fráveitumannvirkjum við **athafnasvæði fyrirtækisins við Norðfjarðargöng, Eskifjarðarmegin**. Leyfið gildir frá 21.1.2014 til 31.12.2018.

740 Fjarðabyggð – Norðfjörður

- n) **Suðurverk hf.**, kt.520885-0219. Starfsleyfi fyrir **starfsmannabúðir með móttökueldhúsi við Kirkjuból**. Leyfi útgefið 4.2.2014.
- o) **B.M. Vallá ehf.**, kt. 450510-0680. Nýtt starfsleyfi fyrir **steypustöð við Kirkjuból** í Norðfirði, hjá starfsmannabúðum Suðurverks. Leyfið gildir frá 6.3.2014 til 31.7.2018

750 Fjarðabyggð-Fáskrúðsfjörður

- p) **Strákarnir okkar ehf.**, kt. 630114-1790. Starfsleyfi fyrir **bifreiða og vélaverkstæði** að Grímseyri 11 b, 750 Fáskrúðsfirði. Leyfi gefið út 5. 2. 2014

780-785 Hornafjörður

- q) **Þorablótsnefnd Nesja og Lónmanna**, kt, 670199-3399. Tímabundið starfsleyfi vegna þorablóts þann 1.2.2014 í Félagsheimili Mánagarði Hornafirði. Ábyrgðarmaður: Guðbjörg Anna Bergsdóttir, kt. 241184-2699. Leyfið útgefið þann 1.2.2014.
- r) **Grunnskóli Hornafjarðar/Heppuskóli**, kt. 560169-4639. **Starfsleyfi vegna grunnskóla** Heppuskóla Víkurbraut 9. Rekstraraðili er Sveitarfélagið Hornafjörður. Leyfið útgefið 30.1.2014.
- s) **Sigurður Einar Magnússon**, kt. 040948-3099. Breyting á starfsleyfi vegna **mengunarvarna við fiskvinnslu að Hofi í Öræfum**. Starfsleyfi gefið út til handa Kjarnableikju ehf., hefur verið flutt yfir á nafn og kennitölu Sigurðar. Starfsleyfi breytt 4.2.2014.

- t) **Fjölirnir Torfason**, kt. 011052-2749. Breyting á starfsleyfi fyrir **sölu á gistingu á Hala í Suðursveit**. Leyfi gildir fyrir allt að 77 gesti í þrem húsum, Steinstúni, Breiðabólstað 1 og Gula húsið Breiðabólstað. Leyfi útgefið 6.2.2014.
- u) **Lyfja hf.**, kt. 531095-2279. Breytt starfsleyfi, þ.e. ný staðsetning lyfjabúðar **Lyfju hf. að Litlubró 1**, 780 Höfn á Hornafirði. Leyfi útgefið 6.3.2014.
- v) **Lionsklúbbur Hornafjarðar**, kt.670193-2689. **Tímabundið leyfi vegna sölu veitinga á kúttmagakvöldi í Sindrabæ** 15. mars 2014. Leyfi útgefið 10.3.2014.

2 Bókuð útgefin tóbakssöluleyfi

Ekki hefur verið sótt um nein tóbakssöluleyfi frá seinasta fundi heilbrigðisnefndar.

3 Erindi og bréf

3.1 Frávísun starfsleyfis.

Þann 19.12.2013 sótti sveitarfélagið Fljótsdalshérað um starfsleyfi til að geyma moltu í múgum í gamla hluta urðunarstaðarins í Tjarnarlandi. Í kjölfarið voru unnin drög að starfsleyfi og sendi Umhverfisstofnun til umsagnar með bréfi dags. 6.1.2014.

Umhverfisstofnun vísaði í lög nr. 55/2003 um meðferð úrgangs og þess að áform eru um að meðhöndla moltuna í nánnum landfræðilegum tengslum við urðunarstaðinn á Tjarnarlandi.

„Það er mat stofnunarinnar að ef Fljótsdalshérað bæti meðhöndlun moltu við fyrirbyggjandi starfsleyfisumsókn til stofnunarinnar þá geti sú starfsemi orðið hluti nýs starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn að Tjarnarlandi.“

Vegna þessa hefur Fljótsdalshéraði verið sent bréf með tilkynningu um að umsókn sveitarfélagsins hafi verið vísað frá og hvatningu um að sækja um starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun.

Lagt fram til kynningar.

4 Ársskýrsla 2013

Drög að ársskýrslu fyrir árið 2013 voru send í tölvupósti 6.3.2014.

Umræða varð um drögin og ekki komu fram athugasemdir.

Heilbrigðisnefnd samþykkir fram lögð skýrsludrög og felur starfsmönnum að ganga frá skýrslunni og senda hana til aðildarsveitarfélaga og annarra sem hún á erindi við.

5 Fjármál HAUST

5.1 Ársreikningar 2012 – bráðabirgðauppgjör 2013

Lykiltölur úr bráðabirgðauppgjöri eru þessar – ath. að afskriftir eru ekki inni í bráðab. uppgjöri 2013 þannig að rekstarafgangur mun lækka sem því nemur.

Lykiltölur - ársreikn 2012 og bráðabirgðauppgjör 2013				
	ársreikn 2012	Fjárhags- áætlun	Endursk. Áætlun 2013	bráðab uppgjör 2013
Rekstrartekjur	51.702.441	48.990.263	49.482.663	55.777.183
Innheimt af sveitarfélögum	41.979.294	43.752.183	43.752.183	43.752.183
Tekjur innheimtar af HAUST	9.723.147	5.238.080	5.730.480	12.025.000
Rekstrargjöld	48.378.209	48.894.500	50.194.500	52.376.619
Laun og starfsmannakostnaður	32.169.996	33.529.500	34.529.500	35.509.023
Húsnæðiskostnaður	1.765.941	1.965.000	1.965.000	1.744.145
Rekstur bifreiða / ferðakostnaður	4.367.458	3.700.000	4.000.000	4.075.084
Afskriftir	739.600			
Hagnaður/ tap ársins	3.453.298			3.734.214

Umræða varð um tilurð tekjuafgangs en almenn ánægja var með niðurstöður rekstrar á árinu 2013.

5.2 Skuldaralisti

Farið yfir skuldaralista og rætt um innheimtu skulda og tillögur að niðurfellingu.
Heilbrigðisnefnd samþykkir tillögu frkvstj. um niðurfellingu eldri skulda.

7 Önnur mál

7.1 Næstu fundir:

Ákveðið að stefna að fundi í viku 20 og þá helst þann 15.5. á Vopnafjarðarsvæðinu

7.2 Breyting á reglugerð um smáræðismörk

LP segir frá tillögu að breytingu á reglugerð um smáræðismörk sem felur í sér að veiðimenn megi selja hreindýr án þess að það sé stimplað skv. ákveðnum reglum þar um.

7.3 Stjórnsýslukærur

Spurt var fréttu af kærumálum. Tvær stjórnsýslukærur eru fyrir úrskurðarnefndinni, en ekki er búið að úrskurða.

Helga vikur af fundi kl. 9:35

6 Starfsmannamál

Umsóknarfrestur um sumarstarf hjá HAUST rann út 20. mars sl.

Fimm hafa sótt um sumarstörf. Leifur kynnti málið og vísaði til góðrar fjárhagsstöðu sem og aukinna verkefna framunda m.a. í tengslum við breytingar á tölvukerfi vegna matvælaeftirlits.

Samþykkt að LP og VOH vinni málið áfram og stefni að ráðningu tveggja sumarafleysingamanna í 3-4 mánuði.

Fundi slitið kl. 9:50

Fundargerðin færð í tölvu af Helgu Hreinsdóttur og Leifi Þorkelssyni og send fundarmönnum í tölvupósti til staðfestingar. Gerðin verður undirrituð á næsta snertifundi.

Valdimar O. Hermannsson

Árni Kristinsson

Ólafur Hr. Sigurðsson

Benedikt Jóhannsson

Eiður Ragnarsson

Andrés Skúlason

Helga Hreinsdóttir

Leifur Þorkelsson